

1971 nr. 54 6. apríl**Lög um Innheimtustofnun sveitarfélaga**

Tóku gildi 1. janúar 1972. *Breytt með* l. 27/1982 (tóku gildi 24. maí 1982), l. 43/1984 (tóku gildi 1. júní 1984), l. 41/1986 (tóku gildi 21. maí 1986), l. 39/1987 (tóku gildi 14. apríl 1987), l. 49/1988 (tóku gildi 1. jan. 1989), l. 31/1990 (tóku gildi 1. júlí 1992), l. 92/1991 (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992), l. 71/1996 (tóku gildi 19. júní 1996), l. 62/2000 (tóku gildi 26. maí 2000), l. 76/2003 (tóku gildi 1. nóv. 2003), l. 167/2007 (tóku gildi 1. jan. 2008), l. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011) og l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **innanríkisráðherra** eða **innanríkisráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.** Setja skal á stofn Innheimtustofnun sveitarfélaga. Stofnunin skal vera sameign allra sveitarfélaga landsins. Lögheimili Innheimtustofnunarinnar er í Reykjavík.

■ **2. gr.** Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga skal skipuð þremur mönnum. Skal einn skipaður af [ráðherra],¹⁾ en tveir kosnir af fulltrúaráði Sambands ísl. sveitarfélaga. Kjör- tímabil stjórnarinnar er fjögur ár. Varamenn skulu skipaðir og kosnir með sama hætti og til jafnlangs tíma og aðalmenn. Tryggingastofnun ríkisins skal tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu á fundum stjórnarinnar.

□ Stjórn stofnunarinnar ræður forstjóra hennar, svo og annað fast starfslíð stofnunarinnar að fengnum tillögum forstjóra.

□ Launakjör starfslíðs stofnunarinnar skulu ákveðin í samræmi við launakerfi opinberra starfsmanna.

¹⁾ L. 126/2011, 52. gr.

■ **3. gr.** [Hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra, sbr. 73. gr. laga nr. 67/1971, með síðari breytingum.]¹⁾ Skal Innheimtustofnunin skila Tryggingastofnun ríkisins innheimtufé mánaðarlega eftir því sem það innheimtist og skal það ganga upp í meðlögsgreiðslur Tryggingastofnunarinnar. Það sem á vantar að Tryggingastofnunin hafi fengið meðlög að fullu endurgreidd með slíkum skilum skal Innheimtustofnun sveitarfélaga greiða, sbr. 1. mgr. 4. gr., innan tveggja mánaða frá því að meðlag var greitt.]²⁾

□ [Innheimtustofnunin getur tekið að sér, gegn greiðslu, hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðaskuldum manna, sem fluttir eru brott úr sveitarfélagi. Stofnunin getur enn fremur, að beiðni ráðuneyta, með sama hætti tekið að sér innheimtu meðlagsskuldna erlendra ríkisborgara búsettra hér á landi og meðlög, sem greidd eru erlendis vegna íslenskra ríkisborgara.]³⁾

□ Einnig er Innheimtustofnuninni heimilt, sé þess óskað, að taka að sér innheimtu gegn greiðslu á þeim hluta barnsmeðlags, sem hærri er en lögmæltur barnalífeyrir, svo og öðrum kröfum, sem framfærslumaður barns kann að eiga á barnsföður eða barnsmóður, þar með talinn framfærslueyri hjóna vegna skilnaðar samkvæmt yfirvaldsúrskurði, skilnaðarbréfi, skilnaðarsamningi eða lögum.

¹⁾ Núl. 100/2007. ²⁾ L. 43/1984, 4. gr. ³⁾ L. 27/1982, 1. gr.

■ **4. gr.** [Jöfnunarsjóður sveitarfélaga greiðir Innheimtustofnuninni það sem á vantar að tekjur hennar nægi til endurgreiðslu til Tryggingastofnunarinnar, sbr. 3. gr., og greiðslu rekstrarkostnaðar hennar. Skulu greiðslur Jöfnunarsjóðs inntar af hendi það tímanlega að Innheimtustofnun geti staðið í skilum við Tryggingastofnunina á réttum gjalddögum skv. 3. gr.

□ Skal Innheimtustofnunin láta Jöfnunarsjóði í té fyrir 30. apríl hvert ár reikninga stofnunarinnar fyrir næstliðið ár.

□ Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal hafa gert fullnaðarskil til Innheimtustofnunarinnar, sbr. 1. mgr., fyrir 1. júní ár hvert miðað við reikningsskil í lok undanfarandi árs.]¹⁾

¹⁾ L. 43/1984, 5. gr.

■ **5. gr.** Innheimtustofnun sveitarfélaga annast meðlagainnheimtu hjá barnsföðrum, hvar sem er á landinu.

□ Barnsföður er skylt að endurgreiða Innheimtustofnuninni meðlag með barni sínu, skilgetnu eða óskilgetnu, þegar og með þeim hætti, sem stofnunin krefst.

□ [Nú greiðir barnsfaðir (meðlagsskyldur) ekki meðlag innan eins mánaðar frá því meðlagskrafa féll í gjalddaga samkvæmt ákvæðum yfirvaldsúrskurðar eða skilnaðarbréfs og skal hann þá greiða dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og hjá innlánsstofnunum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961.]²⁾ [Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að víkja frá þessari dráttarvaxtatöku ef um sérstaka félagslega erfiðleika er að ræða hjá skuldara. Nánari ákvæði um þetta atriði skulu sett í reglugerð.]³⁾

□ [Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að gera tímabundna samninga sem kveða á um greiðslu skuldara á lægri upphæð en til fellur mánaðarlega þegar til skuldarinnar hefur verið stofnað sökum félagslegra erfiðleika skuldara, svo sem af heilsufarsástæðum, ónógum tekjum, skertri starfsorku, mikilli greiðslubyrði, barnamerð eða af öðrum sambærilegum ástæðum. Slíka samninga skal endurskoða reglulega og a.m.k. á sex mánaða fresti. Ef um áframhaldandi félagslegra og fjárhagslegra erfiðleika er að ræða hjá skuldara og stjórnin telur fullljóst að aðstæður skuldara séu þannig að hann geti eigi greitt áfallinn höfuðstól eða hluta hans, auk meðlaga sem falla til mánaðarlega, er stjórninni heimilt að afskrifa höfuðstól skuldara að hluta eða öllu leyti. Heimild til niðurfellingar höfuðstóls eða hluta hans er bundin því skilyrði að skuldari hafi í a.m.k. þrjú ár staðið við samning skv. 1. málsl. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett í reglugerð.

□ Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að afskrifa og endurgreiða höfuðstól skuldara sem stofnast hefur eftir að niðurstaða blóðrannsóknar liggur fyrir og/eða mál hefur verið höfðað til ógildingar á faðernisviðurkenningu eða til vefengingar á faðerni barns. Heimildin til afskriftar og endurgreiðslu er þó bundin því skilyrði að niðurstaða dómsmáls leiði í ljós að skuldari er ekki faðir viðkomandi barns. Nánari ákvæði um framkvæmd skulu sett í reglugerð.

□ Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að mæla með nauðasamningi þar sem fjallað er um niðurfellingu höfuðstóls og/eða dráttarvaxta að hluta eða öllu leyti, enda sé ljóst að hagsmunum Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði betur borgið með nauðasamningi.]⁴⁾

□ Vanræki barnsfaðir að einhverju eða öllu leyti að verða við innheimtukröfu, getur Innheimtustofnunin:

1. Krafið kaupgreiðanda um að halda eftir hluta af kaupum eða aflahlut til lúkningar meðlögum. Skulu slíkar kröfur ganga fyrir öðrum kröfum, þ. á m. kröfum sveitarsjóða og innheimtumanna ríkissjóðs. Kaupgreiðendur skulu halda slíku innheimtufé aðgreindu frá eigin fé eða fé fyrirtækis. Vanræki kaupgreiðandi að verða við slíkrri kröfu, ber hann ábyrgð gagnvart Innheimtustofnuninni allt að þeirri fjárhæð, sem hann hefur greitt barnsföður, eftir að krafa Innheimtustofnunarinnar barst honum. Sama gildir, ef kaupgreiðandi tekur ekki tilskilda fjárhæð af kaupum eða aflahlut eða ef hann skilar ekki innheimtu meðlagsfé til Innheimtustofnunarinnar innan hálf mánaðar. Gera má lögtak hjá kaupgreiðanda

vegna vanrækslu hans í þessu sambandi með sama hætti og hjá meðlagsskuldara sjálfum. Lögtaksrétturinn fynnist ekki.

2. Krafist lögtaks í eignum barnsföður. . . .⁵⁾

3. Krafist þess, að lögreglan aðstoði við að hafa upp á barnsföður og færi hann á skrifstofu Innheimtustofnunarinnar, ef með þarf, til viðtals og upplýsingagjafar, hafi hann ekki sinnt kvaðningum.

4. . . .⁵⁾

5. . . .⁶⁾

□ [Meðlög, sem falla á þann tíma, reiknaðan í heilum mánuðum, sem maður afplánar refsingu, . . .⁵⁾ skulu ekki innheimt hjá honum fyrir þann tíma sem afplánun stendur fyrir en tveimur árum eftir að afplánun lýkur og skal þá greiðslum jafnað á eitt til þrjú ár. Dráttarvextir skulu ekki innheimtir af slíkum skuldum fyrir þann tíma sem innheimta skal liggja niðri samkvæmt þessu. Eigi að síður skal Innheimtustofnun sveitarfélaga standa skil á meðlagsgreiðslum fyrir slíkan tíma til Tryggingastofnunar ríkisins.]⁷⁾

□ Innheimtustofnunin skal hafa sama rétt og einstakar sveitarstjórnir samkvæmt 45. gr. framfærslulaga, nr. 80/1947,⁸⁾ til að krefja skattayfirvöld um upplýsingar um tekjur og eignir barnsfeðra, svo og til að krefja vinnumiðlunarskrifstofur og kaupgreiðendur um að láta þeim í té vinnuskýrslur.

□ [Kröfur til endurgreiðslu barnsmeðlaga og sérstakra fram-

laga [samkvæmt barnalögum],⁹⁾ sem greidd eru fyrir milli-göngu opinberra aðila og endurgreiða ber að lögum, fynrast á tíu árum.]¹⁰⁾

¹⁾ Nú l. 38/2001. ²⁾ L. 41/1986, 1. gr. ³⁾ L. 39/1987, 1. gr. ⁴⁾ L. 71/1996, 1. gr. ⁵⁾ L. 92/1991, 57. gr. ⁶⁾ L. 31/1990, 44. gr. ⁷⁾ L. 49/1988, 1. gr. ⁸⁾ Nú l. 40/1991. ⁹⁾ L. 76/2003, 82. gr. ¹⁰⁾ L. 62/2000, 1. gr.

■ **6. gr.** Reikningsár Innheimtustofnunarinnar er almanaksárið.

□ Reikningar skulu fullgerðir fyrir 31. mars ár hvert, og skal endurskoðun þeirra lokið eigi síðar en 30. júní.

□ Fulltrúaráð Sambands íslenskra sveitarfélaga kýs tvo endurskoðendur og tvo til vara til fjögurra ára, og skulu þeir láta sérstaka endurskoðunarskýrslu fylgja áritun sinni á reikninga stofnunarinnar.

□ Endurskoðaða reikninga skal senda stjórn og fulltrúaráði Sambands íslenskra sveitarfélaga og [ráðuneytinu].¹⁾

□ Ársreikningarnir skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

¹⁾ L. 162/2010, 204. gr.

■ **7. gr.** Setja skal með reglugerð¹⁾ nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. . . .²⁾

¹⁾ Rg. 491/1996. ²⁾ L. 92/1991, 57. gr.

■ **8. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1972 og ná til allra meðlagsgreiðslna, sem Tryggingastofnun ríkisins innir af hendi frá og með þeim degi.